

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímansdóttur.

Við 7. gr.

a. Í stað orðsins „nú“ í inngangsmálgrein komi: tíu.

b. Við bætist nýr stafliður er verði j-liður (19. gr.), svohljóðandi:

Fasteignamat ríkisins skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja vernd persónuupplýsinga í Landskrá fasteigna. Lýsing á þeim öryggisráðstöfunum og öryggisreglum sem fyrirhugað er að innleiða skal lögð fyrir tölvunefnd. Að lokinni umfjöllun tölvunefndar skal laga öryggisráðstafanir og öryggiskröfur að þeim kröfum sem tölvunefnd setur um vernd persónuupplýsinga.

Fasteignamat ríkisins ber ábyrgð á því að öryggisráðstafanir séu ávallt í samræmi við kröfur tölvunefndar.

Tölvunefnd getur hvenær sem er endurmetið kröfur sínar í ljósi nýrrar tækni, reynslu eða breyttra viðhorfa til öryggismála.

Kostnaður af úttekt tölvunefndar á öryggi kerfisins skal greiddur af Fasteignamati ríkisins.